

Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

Lokaskýrsla verkefnis 2016-2017

Heiti verkefnis: Láttu tæknina vinna með þér

Styrkþegar: Garðaskóli

Verkefnisstjóri: Guðný Þóra Friðriksdóttir deildarstjóri námsvers, Hildur Rudolfsdóttir

kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni.

Markmið verkefnisins var að:

- að kynna fyrir kennurum, nemendum og foreldrum hvernig nýta megi tæknibúnað s.s. tölvur, síma og önnur snjalltæki í þágu nemenda með lestrarerfiðleika, þ.e. ala notendur upp til ábyrgðar.
- kenna nemendum með lesblindu að nýta sér talgervla til að lágmarka áhrif lesblindu á nám.
- að þróa og prófa verkefnagerð með kennurum þannig að uppsetningin henti fyrir talgervla.
- fá kennara í samstarf með að bjóða upp á hljóðskrár í prófum svo lesblindir nemendur sitji við sama borð og aðrir nemendur.

Þátttakendur

Guðný Þóra Friðriksdóttir, Hildur Rudolfsdóttir, Snævar Ívarsson, formaður Félags lesblindra á Íslandi

Afrakstur

22. ágúst 2016 - Verkefnastjórar settu upp námskeið þar sem Snævar Ívarsson, formaður Félags lesblindra á Íslandi, kom og fræddi kennara Garðaskóla um lesblindu, hvernig hann upplifði skólagöngu sína og hvernig hann tekst á við daglegt líf sem fullorðinn einstaklingur með lesblindu. Eftir innleggið voru keyrðar þrjár mismunandi stöðvar til að kynna ýmis verkfæri fyrir kennurum sem nýst gætu nemendum með lesblindu í námi.

September 2016 – Snævar Ívarsson heimsótti alla nemendur í 8. bekkjum Garðaskóla og kynnti fyrir þeim einkenni og áhrif lesblindu á nám og daglegt líf. Hann sýndi nemendum hvernig hægt er að nýta tæknina til að í lágmarka áhrif lesblindunnar á nám og starf.

5. október 2016 – Snævar Ívarsson hélt fræðslufund fyrir foreldra Garðaskóla um lesblindu og hvaða upplýsingatækniverkfæri gætu nýst lesblindum í námi og starfi. Verkefnastjórar voru á staðnum og gáfu foreldrum kost á að sjá og kynna sér ýmis verkfæri s.s. talgervla, mp3 spilara, forrit og fl.

7. febrúar 2017 - kennsluráðgjafi og deildarstjóri námsvers kynntu verkefnið og verkfæri fyrir sérkennurum, þroskaþjálfum og stuðningsfulltrúum á sameiginlegum fagfundi grunnskóla Garðabæjar.

Janúar-maí 2017 – kennsluráðgjafi hóf að bjóða upp á viðtöl vil lesblinda nemendur og foreldra þeirra um þá þjónustu sem boðið er upp á í Garðaskóla og verkfæri sem hugsanlega gætu nýst þeim í námi (sjá Fylgiskjal 1 – Lesblinda og upplýsingatækni-Tékklisti). Samtölin tóku oftast um

klukkustund og fundargerð ásamt tenglum á verkfærin var send foreldrum, umsjónarkennara og deildarstjóra námsvers. Samtals voru viðtölin 15 talsins og þrjú viðtöl hafa verið bókuð í ágúst/september 2017.

8. bekkur = 7 viðtöl

9. bekkur = 6 viðtöl

10. bekkur = 2 viðtöl

Viðtölin voru auglýst á fræðslufundi fyrir foreldra í október en öll viðtölin voru bókuð eftir að verkefnastjórar byrjuðu að ræða um það sérstaklega við foreldra, t.d. í kjölfar þess að nemandi greinist með lesblindu hjá deildarstjóra námsvers eða þegar foreldrar óskuðu eftir aðstoð námsvers.

22.-23. maí 2017 – Viðhorfskönnun um talgervla og notkun mp3 spilara í könnunum og prófum lögð fyrir nemendur með lesblindugreiningu (sjá Fylgiskjal 2 – Viðhorfskönnun til nemenda_mai2017).

Maí 2017 – Verkferlar og stuðningsefni sem verkefnastjórar hafa þróað á meðan á verkefninu stóð gerðir aðgengilegir á <http://www.upplysingataekni.com/naacutemstaeligkni.html>.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Samkvæmt upphaflegri áætlun var fyrirhugað að kennarar tveggja fagdeilda myndu aðallega taka þátt í verkefninu og tileinka sér það vinnulag sem felur í sér að talgervlar væru nýttir í verkefnavinnu og prófum. Að einhverju leiti hefur það gengið eftir og margir kennarar áhugasamir um að útbúa próf þannig að auðvelt sé að nota talgervil.




Verkefnið þróaðist þó þannig að flestar fagdeildir vildu taka þátt að því að leyti að þeir vildu þjónusta fyrir lesblinda nemendur sína. Því er ekki hægt að segja að verkefnið hafi frekar legið hjá tveimur ákveðnum fagdeildum fremur en öðrum. Verkefnastjórar gripu til þess að setjast niður með flestum fagdeildum til að þróa og gefa út leiðbeiningar um uppsetningu prófa (sjá Fylgiskjal 3 – Uppsetning prófa fyrir talgervilinn). Við þessa breytingu færðist sjálf vinnan við að snúa texta á prófum yfir á hljóðskrár og umsýsla hljóðskráa og mp3 spilara yfir á verkefnastjórana.

Vegna breytinga á verkefnum starfsmanns skólabókasafns var ekki haldin námkvæm skrá yfir útlán spilara heldur ákváðu verkefnastjórar að öllum nemendum með lesblindugreiningu yrði alltaf boðinn spilari með upplestri talgervils.

Mat á verkefninu

Allar bóknámsgreinar í Garðaskóla skólaárið 2016-2017, nema stærðfræði, skiluðu inn öllum prófum/könnunum til verkefnastjóra sem gerðu efnið aðgengilegt fyrir talgervil.

Viðhorfskönnun um notkun talgervla og mp3 spilara í prófum var lögð fyrir þá nemendur sem skráðir eru með lesblindu/lestrarörðugleika í maí (sjá Fylgiskjal 2 – Viðhorfskönnun til nemenda_mai2017). Alls svöruðu 85 nemendur (af 91 með staðfesta greiningu), þar af 25 nemendur í 8. bekk, 34 í 9. bekk og 26 í 10. bekk.



Niðurstöður viðhorfskönnunarinnar sýna fram á að meirihluti lesblindra nemenda skólans eru að nýta sér mp3 spilarana og eru jákvæðir fyrir því að nýta þá í framtíðinni.

Helsta ástæða þess að nemendur reiknuðu ekki með að nýta sér þjónustuna áfram var að þeim fannst óþægilegt að hlusta á talgervilinn, röddin of vélræn og að hún truflaði þá við lesturinn. Einnig virtust sumir eiga í vandræðum með að nota spilarana sjálfa. Verkefnastjórar telja að nemendur þurfi að venjast talgervilinum, sem er vélræn rödd. Mikilvægt er að aðgengi að spilurum sé gott og að ítrekað sé við nemendur og foreldra að æfingin skapi meistarann. Við höfðum einnig tekið eftir því að viðhorf og vinnubrögð kennara skipta miklu máli. Ef kennarinn er duglegur að tala um mikilvægi þess að nýta sér hlustun þá hefur það áhrif á nemendur. Ef kennarinn setur spilarann á borðið hjá nemandanum í stað þess að bjóða nemandanum spilarann eru meiri líkur til þess að hann nýti sér þjónustuna.

Ráðstöfun styrks

Laun tveggja verkefnastjóra Undirbúningur og fræðsla til kennara Garðaskóla og kynningar til annarra í Garðabæ. Uppsetning prófa og ut anumhald/umsýsla með mp3 spilarum. Úrvinnsla úr viðhorfskönnun og uppsetning efnis á vef til kynningar.	= 744.000 kr.
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla Snævar Ívarsson; Námskeið fyrir kennara (1 skipti), foreldra (1 skipti) og nemendur í 8. bekk (7 skipti).	= 110.000 kr. (reikningur sendur haust 2016)
Heildarupphæð styrks =	854.000 kr.

Ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Skólaárið 2016-2017 er 91 nemandi með greiningu á lestrarerfiðleikum í Garðaskóla. Öllum þeim nemendum hefur staðið ofangreind þjónusta til boða. Verkefnastjórar telja að sú vinna sem lögð hefur verið í kynningu, umræðu og aðstoð við kennara og lesblinda nemendur hafi ýtt undir jákvæðara viðhorfs allra aðila til lesblindu og verkfæra sem gagnast þeim. Augljóst er að margar tækninýjungar á þessu sviði hafa ekki verið kynntar nægilega vel fyrir nemendum, foreldrum og kennurum. Það er trú verkefnastjóra að almenn umræða og kynning til allra nemenda um snjalltæki sem hjálpartæki í námi muni enn frekar ýta undir jákvætt viðhorf lesblindra til tækjanna.

Með því að bjóða lesblindum nemendum mp3 spilara er skólinn að koma til móts við þarfir nemenda og kröfur foreldra til upplesturs í prófum. Skólinn er ekki lengur með starfskrafta í upplestri í einstökum prófum, með tilheyrandi launakostnaði og ut anumhaldi. Einnig er ekki lengur þörf á að taka

nemendur út úr prófaðstæðum eins og áður var. Viðkomandi nemendur sitja í dag við sitt borð með spilara og heyrnartól í eyrunum ef þeir þiggja þjónustuna.

Ráðgjöf kennsluráðgjafa um upplýsingatækniverkfæri, sem geta nýst lesblindum nemendum, er orðin hluti af stoðþjónustu skólans. Deildarstjóri námsvers og kennsluráðgjafi hafa komið sér upp sérstöku vinnuferli þar sem nemandi og foreldri/foreldrum er boðin þessi þjónusta í kjölfar lestrargreiningar eða sálfræðimats. Mikilvægt er að a.m.k. annar aðstandandi nemandans sé með í þessu viðtali til að ráðgjöfin skili sér inn á heimilið og nýtist betur. Foreldrar eru lykilaðilar þegar kemur að stuðningi við lesblinda nemendur. Ætlunin einnig að kynna þessa ráðgjöf í foreldraviðtölum þegar við á.

Öllum grunnskólum Garðabæjar var boðið upp á ráðgjöf og kynningu á þeim verkfærum sem hafa verið nýtt í verkefninu í vetur. Tveir skólar sýndu áhuga en eftir sameiginlegan fagfund grunnskólanna 7. febrúar töldu þeir ekki þörf á frekari fræðslu. Verkefnastjórar stefna á að kynna verkefnið á sameiginlegum menntadegi grunnskóla Garðabæjar haustið 2017. Grunnskólum Garðabæjar stendur einnig til boða að óska eftir nánari kynningu næsta skólaár. Nú þegar hefur vaknað áhugi hjá öðrum sveitafélögum á þeim verkferlum og upplýsingablöðum sem búin hafa verið til í tengslum við verkefnið. Hægt er að nálgast öll fylgiskjöl á

<http://www.upplysingataekni.com/naacutemstaeligkni.html>.

Garðabær 31.05.2017

Guðný Þóra Friðriksdóttir
Deildarstjóri námsvers

Hildur Rudolfsdóttir kennsluráðgjafi
í tölvu - og upplýsingatækni